ferill
VERKFRÆÐISTOFA

**ALMENNT**

UM ER AÐ RÆÐA NÝJA SNJÓBRÆÐSLU VIÐ SKRIFSTOFUBYGGINGU. SNJÓBRÆDD SVÆÐI ERU SAMTALS UM 775 m² AÐ STÆRÐ, EN ÞAÐ ÚTHEIMTIR 648 m² X 180 W/m² = 116.600 WÖTT EÐA 116,6 KW. SNJÓBRÆÐSLUKERFIÐ SKIPTIST Í TVÖ KERFI ANNAÐ SEM ANNAR GÖNGUSTÍGUM NORÐAN VIÐ BYGGINGUNA OG HITT ANNAR GÖNGUSTÍGUM SUNNAN VIÐ BYGGINGU.

STÆRÐ OG LÖGUN SNJÓBRÆDDRA SVÆÐA ER SAMKVÆMT LÓÐAHÖNNUÐI.

**HÖNNUNARFORSENDUR**

BYGGINGARREGLUGERÐ NR. 112;2012
HITALAGNIR ÍST 69:2002 ÍST EN 442

**SKAMMSTAFANIR**

| | |
|---|---|
| NF | NIÐURFALL |
| ÞN | ÞAK NIÐURFALL |
| GK | GÓLFKÓTI |

SNJÓBRÆÐSLU LÖGN
STÝRISTRENGUR
FRAMRÁS
BAKRÁS

**SNJÓBRÆÐSLUSKRÁ DREIFIKISTA #1**

| SLAUFA | c/c | L | STÆRÐ | AFKÖST | q | OPNUN |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NR. | [mm] | m | [m²] | [W] | l/min | STILLILOKA |
| 1-1 | 250 | 172 | 43 | 7740 | 5.57 | 71 % |
| 1-2 | 250 | 202 | 50.5 | 9090 | 6.54 | 88 % |
| 1-3 | 250 | 222 | 55.5 | 9990 | 7.18 | 100 % |
| 1-4 | 250 | 202 | 50.5 | 9090 | 6.54 | 88 % |
| 1-5 | 250 | 206 | 51.5 | 9270 | 6.67 | 90 % |
| 1-6 | 250 | 98 | 24.5 | 4410 | 3.17 | 34 % |
| SAMTALS | | 1102 m | 275.5 | 49.6 kW | 35.66 l/min | |

**SNJÓBRÆÐSLUSKRÁ DREIFIKISTA #2**

| SLAUFA | c/c | L | STÆRÐ | AFKÖST | q | OPNUN |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NR. | [mm] | m | [m²] | [W] | l/min | STILLILOKA |
| 2-1 | 250 | 184 | 46 | 8280 | 5,95 | 89 % |
| 2-2 | 250 | 191 | 47,75 | 8595 | 6,18 | 93 % |
| 2-3 | 250 | 172 | 43 | 7740 | 5,57 | 81 % |
| 2-4 | 250 | 160 | 40 | 7200 | 5,18 | 74 % |
| 2-5 | 250 | 196 | 49 | 8820 | 6,34 | 97 % |
| 2-6 | 250 | 201 | 50,25 | 9045 | 6,50 | 100 % |
| 2-7 | 250 | 193 | 48,25 | 8685 | 6,25 | 95 % |
| 2-8 | 250 | 191 | 47,75 | 8595 | 6,18 | 93 % |
| SAMTALS | | 1488 m | 372 | 67,0 kW | 48,15 l/min | |

**VARMAGJÖF**

TIL UPPHITUNAR Á SKRIFSTOFUBYGGINGUNNI ÞARF UM 145 kW OG MÁ BÚAST VIÐ AÐ FÁ ALLT AÐ 0,87 l/s AF 35°C HEITU VATNI FRÁ BAKRÁS BYGGINGARINNAR. VIÐ ÚTREIKNING Á AFKASTAGETU SNJÓBRÆÐSLUNNAR ER HINS VEGAR EINUNGIS GERT RÁÐ FYRIR AÐ UM 75% AF ORKUÞÖRF HÚSSINS SKILI SÉR Í RAUN TIL SNJÓBRÆÐSLUNNAR. MIÐAÐ VIÐ AÐ NÝTA BAKRÁSARVATNIÐ FRÁ 35°C NIÐUR Í 15°C FÁST 0,75X0,87X4.186X20 = 54,6 kW TIL SNJÓBRÆÐSLUNNAR. INNSPÝTING ÞARF ÞVÍ AÐ ANNA 8 kW SEM GERIR 0,03 l/s. SNJÓBRÆÐSLA NORÐAN VIÐ BYGGINGUNA EÐA DEILIKISTA 2 ER HITUÐ UPP MEÐ BAKRÁS HITAKERFIS AF SKRIFSTOFUBYGGINGUNNI OG INNSPÝTINGU. TENGIGRIND OG ANNAR BÚNAÐUR SNJÓBRÆÐSLU ER STAÐSETTUR Í HORNI Á FLUGHERMISBYGGINGUNNI.

TIL UPPHITUNAR Á SNJÓBRÆÐSLU SUNNAN VIÐ BYGGINGUNA ER NOTAST VIÐ BAKRÁS LOFTRÆSIKERFIS BYGGINGARINNAR. LOFTRÆSIKERFIÐ ÞARF UM 292 kW OG MÁ BÚAST VIÐ AÐ FÁ ALLT AÐ 1,75 l/s AF 35°C HEITU VATNI FRÁ BAKRÁS BYGGINGARINNAR. VIÐ ÚTREIKNING Á AFKASTAGETU SNJÓBRÆÐSLUNNAR ER HINS VEGAR EINUNGIS GERT RÁÐ FYRIR AÐ UM 75% AF ORKUÞÖRF HÚSSINS SKILI SÉR Í RAUN TIL SNJÓBRÆÐSLUNNAR.
MIÐAÐ VIÐ AÐ NÝTA BAKRÁSARVATNIÐ FRÁ 35°C NIÐUR Í 15°C FÁST 0,75X1,75X4.186X20 = 109,9 kW TIL SNJÓBRÆÐSLUNNAR. ÞAÐ ER ÞVÍ EKKI ÞÖRF Á INNSPÝTINGU EN SETT ER ÞÓ LÁGMARKS INNSPÝTING Á KERFIÐ. TENGIGRIND OG ANNAR BÚNAÐUR SNJÓBRÆÐSLU ER STAÐSETTUR Í INNTAKSRÝMI.

Á BAKRÁS SNJÓBRÆÐSLULAGNA SKAL KOMIÐ FYRIR HITAMÆLUM OG STOPPLOKUM OG Á FRAMRÁS KOMI STILLILOKAR/STILLITÉ TIL ÞRÝSTISTÝRINGAR.

**MILLIHITARI SNJÓBRÆÐSLU FYRIR DEILIKISTU 1**

STÆRÐ 50 kW
VATNSHITI INN 45 °C
VATNSHITI ÚT 20°C
VATNSMAGN HITAVEITUMEGIN 0,46 l/s.
ÞRÝSTIFALL VATNSMEGIN Í FORHITARA MINNA EN 20 KPa
GLYCOLHITI ÚT 35 °C
GLYCOLHITI INN 15 °C
ÞRÝSTIFALL GLYKOLMEGIN Í FORHITARA MINNA EN 20 KPa
VÖKVAMAGN GLYKOLMEGIN 0,65 l/s.

**DÆLA**

ÞREPASTÝRÐ HRINGRÁSADÆLA MEÐ AFKÖST 2,3 m³/klst VIÐ 6,5 mVs.

**MILLIHITARI SNJÓBRÆÐSLU FYRIR DEILIKISTU 2**

STÆRÐ 69 kW
VATNSHITI INN 45 °C
VATNSHITI ÚT 20°C
VATNSMAGN HITAVEITUMEGIN 0,62 l/s.
ÞRÝSTIFALL VATNSMEGIN Í FORHITARA MINNA EN 20 KPa
GLYCOLHITI ÚT 35 °C
GLYCOLHITI INN 15 °C
ÞRÝSTIFALL GLYKOLMEGIN Í FORHITARA MINNA EN 20 KPa
VÖKVAMAGN GLYKOLMEGIN 0,87 l/s.

**DÆLA**

ÞREPASTÝRÐ HRINGRÁSADÆLA MEÐ AFKÖST 2,8 m³/klst VIÐ 6,0 mVs.

**SNJÓBRÆÐSLULAGNIR**

SNJÓBRÆÐSLULAGNIR SKULU VERA ÚR HITAÞOLNU PLASTI DN20 (Ø25) SÉRSTAKLEGA FRAMLEIDDAR TIL NOTKUNAR Í SNJÓBRÆÐSLUKERFUM. LAGNIR SKULU ÞOLA A.M.K. 10 bar ÞRÝSTING VIÐ 60°C MIÐAÐ VIÐ 50 ÁRA ENDINGARTÍMA. LAGNIR SKULU LAGÐAR MEÐ 250 mm MILLIBILI Á VEL ÞJAPPAÐ UNDIRLAG OG FYLLT YFIR MEÐ SANDI.
FJARLÆGÐARSTYKKI SKAL SETJA VIÐ ALLAR BEYGJUR OG MEÐ 5 m MILLIBILI Á BEINUM LÖGNUM. ÞAR SEM LAGNIR LIGGJA Í GEGNUM STEYPTA VEGGI EÐA PLÖTUR SKAL SETJA PEH HLÍFÐARLÖGN UTAN UM LÖGN.
EKKI ER LEYFILEGT AÐ KEYRA YFIR LAGNIRNAR NEMA Á ÞEIM SÉ VATNS- EÐA LOFTÞRÝSTINGUR.

**STÝRING**

ÞEGAR KERFIÐ KEYRIR, ER ÞAÐ MEÐ AÐSTOÐ DÆLU OG ER BAKRÁSARVATNI FRÁ HITAKERFI ALLTAF DÆLT Í GEGNUM MILLIHITARA. HITASTÝRÐUR LOKI ER Á INNSPÝTINGU OG SKYNJAR HANN BAKRÁSINA FRÁ VARMASKIPTINUM OG BÆTIR VIÐ HEITU VATNI EF ÞARF.

**SNJÓBRÆÐSLA UNDIR STEYPTUM PLÖNUM**




**SNJÓBRÆÐSLA UNDIR MALBIK**




**SNJÓBRÆÐSLA UNDIR HELLUM**




ÁRITUN BYGGINGARFULLTRÚA

Samþykkt þann
0 9 FEB 2016
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Sigurður Steinar Jónsson*

# FLUGVELLIR 1




ÁRITUN AÐALHÖNNUÐAR: Ólafur Ó. (signature) KT. 011251-3019

| BR. | DAGS. | BREYTING | SAMÞ. |
|---|---|---|---|
| | | | |

ferill
VERKFRÆÐISTOFA

FLUGVELLIR 1 HAFNARFIRÐI
NÝBYGGING
SNJÓBRÆÐSLA
ALMENNAR SKÝRINGAR
SKÝRINGA- OG AFSTÖÐUMYND

SAMÞYKKT: (signature) Gunnarsson KT. 270760-4229

| HÖNNUÐUR | YFIRFARIÐ | DAGS. ÚTG. | DAGS. BREYT. |
|---|---|---|---|
| HÞV hjalti@ferill.is | ÞAG | 20.01.16 | |
| MKV. | VERKNR. 14014 | TEIKN. NR. 6 - A000 | BREYT. |

Ferill ehf Mörkin 1 108 Reykjavík Sími: 575 1600 Fax: 575 1601 www.ferill.is

V:\Flugvellir\1\Teikningar\6-SNJÓBRÆÐSLA\14014-6-A000.dwg
V:\Flugvellir\1\Teikningar\6-SNJÓBRÆÐSLA\14014-6-A000.dwg